

10. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt sorphreinsunargjald, skv. nánari ákvörðun og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

11. gr.

Kvörtunum vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til sveitarstjórnar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðis- eftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. desember 1973.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um Almanakssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Almanakssjóður og er stjórnað af háskólaráði.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

1. Gjöld vegna útgáfu almanaka og dagatala hvers konar.
2. Gjöld vegna innfluttra almanaka og dagatala.
3. Sektir fyrir brot á almanakslögum.
4. Arður af útgáfu almanaka ár hvert.
5. Vextir af innstæðu sjóðsins.
6. Aðrar tekjur, sem sjóðnum kunna að áskotnast.

3. gr.

Sjóðnum má verja sem hér segir:

1. Til þess að greiða kostnað við útreikning á almanökum háskólans.
2. Til þess að kaupa tæki og áhöld, sem þarfleg eru fyrir útreikning almanakanna. Hlutir þessir verða eign háskólans, en þeir, sem reikna út almanökin, hafa forgangsrétt til að nota þá.
3. Til rannsóknna á stjarnfræði og rúmfræði, stærðfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði, og til útgáfu vísindalegra rita í þessum fræðum.
4. Til fræðslu í stærðfræðilegum vísindum í háskólanum.
5. Til þess að styðja fræðimenn til að fullkomna þekkingu sína í stærðfræðilegum vísindum erlendis. Námsstyrk má og veita stúdentum, sem komnir eru vel á veg.

4. gr.

Háskólaráð úthlutar því fé, sem verja skal samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Reikning sjóðsins skal birta ár hvert í Stjórnartíðindum og Árbók háskólans. Reglur þessar staðfestast hér með að fengnum tillögum háskólaráðs, sbr. 11. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. desember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

19. desember 1973.

Nr. 408.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Þorgerði S. Eiríksdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. desember 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þorgerði S. Eiríksdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Þorgerðar S. Eiríksdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Þorgerði S. Eiríksdóttur, er lést 2. febrúar 1972. — Þorgerður var fædd 20. janúar 1954.

Stofnendur eru: Tónlistarskólinn á Akureyri, kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri, Tónlistarfélag Akureyrar og aðstandendur.

Stofnframlag er kr. 100 000,00 — eittihundaþúsundkrónur 00/100 —.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur hyggilegast á hverjum tíma.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, stofnframlag og það, sem við hann bætist, má aldrei skerða.

Allt það fé, sem í sjóðinn kemur, með gjöfum, áheimum og hvers kyns framlögum, s. s. af sölu minningarspjalda eða á annan hátt, skal leggjast við höfuðstólinn. Sama gildir um fé, sem inn kemur á tónleikum, sem stefnt mun að, að haldnir verði árlega sjóðnum til styrktar.

Aðeins vöxtum að $\frac{1}{2}$ hlutum, eins og þeir verða á þeim tíma, sem úthlutun fer fram, má ráðstafa í því skyni að þjóna markmiði sjóðsins skv. 4. gr.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur, sem lokið hafa burtfararprófi við Tónlistarskólann á Akureyri til framhaldsnáms.

Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að styrkja nemendur til náms, þó að þeir hafi ekki lokið burtfararprófi, einkum ef um er að ræða námsgreinar, sem ördugt er að halda uppi kennslu í við Tónlistarskólann á Akureyri.